



160. fundur

símafundur kl. 16.00 mánudaginn 23. mars 2020

Fundargerð

Á fundinum voru:

Ólafur Adolfsson formaður (ÓA)
Jakob Björgvin Jakobsson (JBJ)
Silja Eyrún Steingrímsdóttir (SES)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)
Trausti Gylfason (TG)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)

Auður Kjartansdóttir boðaði forföll.

1. Ársreikningur 2019.

Formaður og framkv.stj. fóru yfir ársreikninginn sem sýnir mjög þungan róður á árinu, tekjur mun minni en áætlað var og veikindaforföll nánast allt árið. Sótt var um aukaframlag frá sveitarfélögunum í nóvember 2019.

Eftir nokkrar umræður var ársreikningurinn samþykktur samhljóða og verður undirritaður síðar.

2. Umsóknir um starf framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV).

Formaður kynnti 4 umsóknir sem borist hefðu um starfið og tilkynnti að framkv.stj. væri vanhæfur að tjá sig um málið.

Eftir langar umræður var formanni falið að ræða við umsækjendur í samræmi við umræður á fundinum.

3. Covid-19 faraldur.

Lagðar fram nýjustu leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og stjórnstöð almannavarna vegna viðbragða við Coronaveiru (Convid-19).

Í fyrri leiðbeiningum var ekki gert ráð fyrir að heilbrigðisnefndir kæmu að sóttvarnamálum vegna veirufaraldurs.

Framlagt.

4. Umhverfismál við Fitjaá í Skorradal.

Framhald frá síðasta stjórnarfundum. Framkv.stj. greindi frá að eigandi stórvirkra atvinnutækja („búkolla og olíukálfur“) við Fitjá hefði ekki brugðist við fyrri ákvörðun nefndarinnar um að beita dagsektum ef tæki yrðu ekki fjarlægð frá ánni fyrir 15. febrúar 2020.

Eigandi sinnti ekki ákvörðun nefndarinnar og sendi ekki inn skriflegar athugasemdir eða skýringar.

Samþykkt að beita dagsektum 50.000 kr. á dag frá 6. apríl verði tækin ekki fjarlægð fyrir þann tíma.

Framkv.stj. falið að tilkynna eiganda þessa ákvörðun nefndarinnar.

5. Álit Umboðsmanns Alþingis um álímingar á bíla.

Lagt fram álit Umboðsmanns Alþingis, dags 17. janúar 2020, þar sem fram kemur að þvingunarúrræði sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HeS) beitti við að fjarlægja númerslausa bifreið á einkalóð í Sandgerði 2018 væri ekki í samræmi við stjórnsýslulög eða rannsóknarskyldu.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (UUA) hafði áður fjallað um kæru frá eiganda bifreiðarinnar og úrskurðað 20. desember 2018 að hafna bæri kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja frá 30. ágúst 2018 um að fjarlægja bifreið af einkalóð í Sandgerði.

Í kjölfar álits Umboðsmanns tók UUA málið fyrir aftur og breytti fyrri ákvörðun með úrskurði sem kveðinn var upp 5. mars 2020.

Úrskurðurinn hjóðaði þannig:

„Fellð er úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja frá 8. ágúst 2018 um að fjarlægja númerslausa bifreið kæranda við hlið einbýlishússins að Hlíðargötu 2 í Sandgerði.“

Framlagt.

6. Umgengni á lóð í Búðardal.

Tekið fyrir bréf HeV., dags. 13. desember 2019, til eiganda númerslausra bíla og fl. á lóð við Gunnarsbraut 6 í Búðardal. Með bréfinu er eiganda gefinn frestur til 15. janúar 2020 til að taka til á lóðinni og fjarlægja vélarhluti og númerslausa bíla af lóðinni að viðlögðum frekari afskiptum heilbrigðisnefndar að málinu.

Þar sem eigandi hlutanna hefur ekki orðið við ofangr. kröfum og ekki gert athugasemdir við erindið hefur heilbrigðisnefnd ákveðið að beita ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 vegna valdssviðs og þvingunarúrræða og tilkynnir að hún muni beita dagsektum ef eigandi verður ekki við kröfum HeV í fyrrgreindu bréfi um að taka til á lóðinni. Frestur er gefinn til 6. apríl 2020.

Framkv.stj. falið að senda eiganda bréf þessa efnis.

7. Lokaskýrslur vegna úttektar á opinberu eftirliti Mast.

Framlagt.

8. Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss í Borgarbyggð.

Framlögð drög að samþykktinni.

9. Urðunarstaðar Hrafnkelsstaðabotnum. Bréf UST til Grundarfjarðarbæjar 13. mars 2020 um dagsektir og úrbætur.

Framkv.stj. greindi frá gangi mála, m.a. um að urðunarstaðurinn hefði verið lagður niður 2012 og væri í vöktun.

Framlagt.

10. Starfsleyfisdrög í auglýsingu skv. ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018.

Blikksmiðja Guðmundar Akursbraut 11b, Akranesi.

Vignir Jónsson fiskvinnsla Smiðjuvöllum 4, Akranesi.

Gáma flokkunarstöð Höfðaseli 18, Akranesi.

KG fiskverkun ehf. Melnesi 1, Rifi.

Framlagt.

11. Útgefin starfsleyfi eftir auglýsingu.

Olís bensínafgreiðslustöð og verslun Suðurgötu 10, Akranesi – Endurnýjun.

N1 – Skútan (bensínstöð) Þjóðbraut 9, Akranesi – Endurnýjun.

Staðfest.

12. Undanþága vegna aldur ungmenna til sölu tóbaks.

Kvikk – Basko verslanir ehf., Skagabraut 43, Akranesi, 2 undanþágur.
Staðfest.

13. Starfsleyfi.

Mýranaut Sólbakka 4, Borgarnesi-Nýtt.

Gististaður Hofgörðum (Gistiheimilið Hof), Snæfellsbæ-Nýtt.

Gististaður Hítarneskoti (Selgarður ehf.), Borgarbyggð-Nýtt.

Gististaður, frístundahús Dagverðarnesi 220, Skorradal-Nýtt.

Ísbúð í B59 Hóтели Borgarbraut 59, Borgarnesi-Nýtt.

Snyrtistofan Björk Túngötu 7, Hvanneyri-Nýtt.

Skagafiskur (fiskverslun) Kirkjubraut 40, Akranesi-Nýtt.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga Grundargötu 44, Grundarfirði-Nýtt.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði Sólmundarhöfða, Akranesi-Endurnýjun.

Gististaður Hrannarstíg 3 (Svansskáli ehf.), Grundarfirði-Nýtt.

Niðurrif (Stafnafell ehf.) Ólafsbraut 64, Ólafsvík-Tækifærisleyfi.

Gististaður, frístundahús Stafholtsey Borgarbyggð-Nýtt.

Krónan matvöruverslun Dalbraut 1, Akranesi-Endurnýjun.

Brekkubæjarskóli Vesturgötu 120, Akranesi-Endurnýjun.

Gististaður, frístundahús í landi Stangarholts (Stangarhylur ehf.), Borgarbyggð-Drög.
Ofangr. starfsleyfi og drög staðfest.

14. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitingastaða.

Veitingastaður Brákarbraut 27, Borgarnesi-Nýtt (umsögn frestað).

Veitingastaður Kirkjubraut 8-10, Akranesi-Nýtt.

Framlagt.

15. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi gististaða.

Gististaður Hofgörðum, Snæfellsbæ-Endurnýjun.

Gististaður Hítarneskoti, Borgarbyggð- Endurnýjun.

Gististaður Hrannarstíg 3, Grundarfirði- Endurnýjun.

Gististaður Stafholtsey, Borgarbyggð-Nýtt.

Gististaður Sundabakka 12. Stykkishólmi-Endurnýjun.

Gististaður Eiðhúsum, Eyja- og Miklaholtshreppi-Endurnýjun.

Gististaður Suður-Bár, Grundarfirði-Endurnýjun.

Framlagt.

16. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

Frístundamiðstöðin Garðavöllum, Akranesi-Konukvöld 27. mars.

Dalabúð Búðardal-Kótiletukvöld 21. mars.

Félagsheimilið Logaland-samkomuhald 8. febrúar.

Félagsheimilið Miðgarði-þorrablót 22. febrúar.

Félagsheimilið Lindartunga-þorrablót 7. febrúar.

Félagsheimilið Brautartungu-þorrablót 22. febrúar.

Framlagt.

17. Umsagnir vegna skipulagsmála og fl.

Dalabyggð vegna deiliskipulags Gildubrekna í landi Hlíðar.

Dalabyggð vegna vegna skipulags- og matslýsingar við endurskoðun á aðalskipulagi.

Snæfellsbær vegna deiliskipulags golfvallar Rifi.

Borgarbyggð vegna deiliskipulags Ytri-Skeljabrekku.

Borgarbyggð vegna deiliskipulagsbreytinga Munaðarnesi.

Hvalfjarðarsveit vegna deiliskipulags Litla-Botni.

Hvalfjarðarsveit vegna deiliskipulagsbreytinga Eyri.
Hvalfjarðarsveit vegna aðalskipulagslýsingar og deiliskipulagstillögu í landi Móa.
Framlagt.

18. Önnur mál.

a. Akraneslína 2- Niðurstaða Skipulagsstofnunar febrúar 2020.

Framlagt.

b. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna breytingar á matvælalöggjöf frumvarpsdrög um mál nr 38/2020.

Framlagt.

c. Lífrænn úrgangur úrskurðarmál Austurlandi.

Framlagt.

d. Hundasamþykktir svar UAR við spurningum HeV mars 2020.

Fyrirspurn HeV og svar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis með tölvupósti.

Framlagt.

e. Fyrirspurn um útgáfu starfsleyfis á þynningarsvæði.

Bréf HeV til Matvælastofnunar um útgáfu starfsleyfis á þynningarsvæði Grundartanga.

Framlagt.

f. Sorpmál Vesturlandi 2020 gámastöðvar og sorphirða.

Listi HeV yfir fyrirtæki sem sjá um sorphirðu á Vesturlandi og gámastöðvar (flokkunarstöðvar) á Vesturlandi.

Framlagt.

g. Matvælastofnun verkaskipting MAST/HES.

Framlagt.

Gæðakokkar – Mast.

Framkv.stj. greindi frá samningi milli Gæðakokka (Kræsinga) og Mast um greiðslu skaðabóta Mast til Kræsinga.

h. Framkvæmdastj. greindi frá að þetta yrði væntanlega síðasti stjórnarfundur sem hann sæti og þakkaði fyrir samstarfið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.40.